

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Björn Levi Gunnarsson, Ásta Guðrún Helgadóttir, Helgi Hrafn Gunnarsson,
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
Lög þessi taka til allra launþega í landinu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Í stað tölunnar „40“ í 1. mgr. og tvívegis í 3. mgr. kemur: 35.
- b. Í stað tölunnar „8“ í 2. og 4. mgr. kemur: 7.

3. gr.

Í stað tölunnar „40“ í 3. gr. laganna kemur: 35.

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um 35 stunda vinnuviku.**

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fyrir á 144. löggjafarþingi (259. mál). Ekki var mælt fyrir frumvarpinu þá og er það því lagt fram á ný óbreytt.

Frumvarpið felur í sér þá breytingu að í hverri viku skulu ekki vera fleiri en 35 dagvinnutímar sem vinna ber á dagvinnutímabili á virkum dögum og að jafnaði skuli unnar 7 klukkustundir í dagvinnu á degi hverjum frá mánudegi til föstudags.

Þrátt fyrir að fjöldi vinnustunda á ári hafi dregist saman á undanföllum árum er meðalvinnuvika á Íslandi um 40 stundir. Í skýrslum OECD sem mæla jafnvægi á milli vinnu og frítíma sést að Ísland kemur mjög illa út en þar er landið í 27. sæti af 36 þjóðum. Heildarvinnutími yfir árið er þó rétt undir meðaltali OECD-landa. Ein helsta ástæða þess að Ísland kemur illa út í vinnujafnvægis mælingu OECD-landa er sú að Íslendingar vinna langa vinnudaga en heildarvinnutíminn helst tiltölulega lítill vegna þess að sumarleyfi er í lengra lagi. Heildarvinnutími er þó um fimm hundruð klukkustundum lengri en hjá Þjóðverjum sem eru með stysta vinnutímamann og rúmlega fjögur hundruð klukkustundum lengri en hjá Hollendingum sem eru með næststysta vinnutímamann. Tillagan mundi minnka heildarvinnutíma um u.þ.b. 230 klukkustundir á ári sem mundi færa Ísland í 10. sætið næst á eftir Svíþjóð sem er þó að færa sig í áttina að sex stunda vinnudegi.

Framleiðni á Íslandi er undir meðaltali landa OECD. Frakkland, sem hefur verið með 35 stunda vinnuviku síðan árið 2000, er talsvert hærri framleiðni en á Íslandi og landið er mun ofar í mati á jafnvægi milli vinnu og frítíma. Danmörk, Spánn, Belgía, Holland og Noregur eru efst á þessum lista, þar er vinnutíminn styttri en á Íslandi en framleiðnin meiri. Í öllum þessum löndum eru greidd hærri laun nema á Spáni. Ekki er því hægt að útskýra meiri framleiðni né hærri laun með löngum vinnudegi. Þvert á móti bendir margt til þess að styttri vinnudagur leiði til meiri framleiðni og aukinna lífsgæða.

Frumvarp þetta felur í sér að almennur vinnutími er stytur um klukkutíma á dag, eða úr átta klukkutímum í sjö. Víðs vegar er verið að skoða mun róttækari breytingar. Svíar eru að gera tilraunir með sex stunda vinnudag og nýlega kynnti kynjafræðingurinn Thomas Brorsen Smidt hugmyndir um fjögurra klukkutíma vinnudag.

Markmið breytingarinnar er ekki að kjör skerðist við styttingu vinnudags og ekki er gert ráð fyrir því að vinnudagur styttest sjálfkrafa við þessa breytingu. Lög um 40 stunda vinnuviku voru sett árið 1971 en það var fyrst árið 2012 sem meðalvinnuvikan varð 40 stundir. Markmið lagabreytingar þessarar er að auka markvisst framleiðni og lífsgæði launþega á Ísland með þessum hætti, en líkt og skýrslur OECD hafa sýnt fram á haldast ekki endilega í hendur lengri vinnutími og meiri framleiðni.